

Iðgjaldagreiðslur þessar af hálfu Tryggingastofnunarinnar eru þó því skilyrði 14 bundnar, að því er varðar þá, sem ekki hafa verið meðlimir sjúkrasamlaga undan- 24. jan. farið, að hlutaðeigandi sjúkrasamlag fallist á, að biðtími þeirra verði eigi lengri en einn mánuður, þannig að þeir fái full samlagsréttindi eigi síðar en 1. febrúar næstkomandi.

Þeir, sem njóta vilja friðinda þeirra, sem að framan getur, snúi sér til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

Tryggingastofnun ríkisins, 24. janúar 1948.

Haraldur Guðmundsson.

AUGLÝSING

um lækun á húsaleigu.

15

10. jan.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild þá til niðurfærslu á húsaleigu, sem henni er veitt í 15. gr. laga nr. 128 29. des. 1947, um dýrtiðarráðstafanir.

Samkvæmt því leggur félagsmálaráðuneytið hér með fyrir allar starfandi húsaleigunefndir, að hlutast til um það hver í umdæmi sínu, að færð verði niður um 10% — tíu af hundraði — húsaleiga í þeim húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og húsaleiga í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941. Niðurfærsluskyldan tekur til allra húsaleigusamninga, sem gerðir hafa verið eftir árslok 1941, hvort sem þeir hafa verið staðfestir af húsaleigunefnd eða eigi.

Ákvæði þessi komi til framkvæmda í fyrsta sinn við greiðslu á húsaleigu fyrir janúarmánuð 1948.

Þá ber og að taka tillit til niðurfærslu þessarar við húsaleigu, sem hér eftir verður metin af húsaleigunefndum.

Húsaleigunefndum er falið, að sjá um framkvæmd ákvæða þessara hver í sínu umdæmi á þann hátt, er þær telja best við eiga.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1948.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Þorlákssonar verkfræðings“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. janúar 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jóns Þorlákssonar verkfræðings.

16

23. jan.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Ingibjörgu Cl. Þorláksson, haustið 1944, á 40 ára afmæli Iðnskólans í Reykjavík, til minningar um starf Jóns sál. Þorlákssonar við skólann, en hann var aðalstofnandi hans og fyrsti skólastjóri.